1. Ástandið í bænum.
Hugleiðingar um "ástandið".

2 renningar

„Ástandið" í bænum

er að vísu ekki gott, eftir því sem gamlar piparmeyjar og prúðustu skírlífisblómarósir bæjarins segja. Þær vita jafnlangt nefi sínu og enginn þarf að óttast þær, að þær [...]eki það ofan í hvern kopp og kyrnu samborgara sinna; þær eru að vísu ávalt á [...]verði sjálfar og líða ekki kynsystrum sín-um að hegða sér ósiðlega; hinsvegar gjöra þær ekkert til þess að laga þetta hörmulega „ástand". Jú, þær tala um það og einnig [...]litt, hve lítið eða ekkert „hinir" geri. Stundum flaska þær þó einnig í sinni eigin dómgreind. Hér er sönn saga um þetta.

Skírlífis-konurnar, 3 eða 4 standa út við gluggann og horfa út á götuna. Þær voru alveg [...]ýsahndar uppvís einhverju hússvoti og [...]kvettu nú að athuga annara gang — sinn gang [...]kvettu þær ekki að athuga, því þær vissu hvernig hann hafði verið — og nú sjá þær stúlku eina [í] fylgd með breskum sjóliða, einkennisklædd-um, ekki laglegasta manni nál. fertugs-aldri. Konurnar hrópa upp yfir sig: „Hvert í sjóðbull-andi o.s.frv." Hún er þó komin í <u>ástandið</u>, hún N.N. okkar, sem engum vissi um, að væri neina óhikkelsis-stúlka. <u>Svo</u> skal þó það. Og nú fóru þær allar á hvolsbóg og komust þá að því, að [...]enski maðurinn var íslenskur maður og <u>bróðir</u>

Stúlkunnar. Þetta vissu þær ekki áður, en
sögðu nú: „Það er sjálfsagt, að við höldum þessu
á lofti samt, því annars verður öllum brugðið
um kjaftshátt og rógmælgi fyrir það, að koma þessu
orði á kreik, en sem nú reynist ósatt." sagði
ein þeirra, en önnur, eitthvað meyrari fyrir hjart-
anu, sagði: „Já, en þetta var bróðir stúlkunnar,
ekkjumaður í Englandi, sem á sér börn sjálfur, en
er nú breskur þegn og hefir því verið kallaður í
herinn. Það er því vafasamt, að gjöri neitt
úr því, þótt hann gangi við hlið systur sinnar
um götuna."
„Jæja-kannske, en samt sást ekki, að þau fóru
inn í Braggana þarna (já, það höfðu þær allar
séð) og því er nauðsynlegt, að við látum þetta
eigi afskiftalaust; allt er eins og við töluðum eitt
eftir minni og létum því aldrei að tala um."
Og svo var það komið út um allan bæinn, að
hún N. N. væri í „ástandinu": Það voru 3 eða
4 mestu sómakonur bæjarins, sem höfðu
séð það sjálfar, og þær fóru ekki með fleipur.
Og ástandið varð óþolandi! Enginn gerði neitt
— nema þessar hefðarkonur — þær töluðu um
það og sögðu sem var, að þær hefðu séð það sjálfar.
Svona er nú „ástandið" að verða!